

RÍKISSAKSÓKNARI

Afstaða ríkissaksóknara til kæru skv. 6. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008

Kærandi: Jón Jónsson lögmaður f.h. Skorradalshrepps

Kæra: Barst 10. október 2023

Númer máls: 313-2022-22409

Efni máls: Kærð voru brot Skóræktarinnar og starfsmanna hennar, gegn skipulagslögum og lögum um náttúruvernd, með óheimilu landraski, vegalagningu og plægingum, í þágu skóræktar á jörðunum Stóru Dragaeyri og Bakkakoti í Skorradal í júní 2022. Lögreglustjórinn á Vesturlandi felldi málið niður gagnvart hinum kærðu einstaklingum og féluginu að því er varðaði brot gegn skipulagslögum, 11. september 2023.

Krafa: Krafa kæranda er ekki skilgreind með skýrum hatti í kærunni en verður skilin svo að krafist sé að ákvörðun Lögreglustjórans á Vesturlandi verði felld úr gildi og lagt fyrir hann að ljúka rannsókn málsins og taka ákvörðun að henni lokinni um ákæru.

Gögn: Bárust ásamt rökstuðningi Lögreglustjórans með bréfi dags. 7. nóvember 2023.

Málavextir:

Upphof máls þessa eru að 4. júní 2022 tilkynnti skipulagsfulltrúi í Skorradalshreppi til löggreglu um óheimilar framkvæmdir í landi Dragaeyrar í Skorradal og óskaði eftir að framkvæmdirnar yrðu stöðvaðar. Tilkynningin varðaði gerð vegaslóða meðfram fjalli í landi Stóru Dragaeyrar. Brást skógarvörðurinn Jón Auðunn Bogason, sem var í fyrirsvari fyrir framkvæmdum fyrir hönd skóræktarinnar, við beiðni löggreglu um að stöðva framkvæmdir og hafði samband við verkakana sem önnuðust verkið.

Kæra barst frá Skorradalshreppi til Lögreglustjórans á Vesturlandi 3. október 2022 þar sem kæruefnið er rakið. Kemur fram í kærunni að framkvæmdaleyfi hafi ekki verið gefið út þegar óskað var stöðvunar framkvæmda 4. júní 2022 og framkvæmdirnar hafi ekki verið gerðar á grundvelli framkvæmdaleyfis og að á þeim tíma hafi sveitarfélagið ekki haft upplýsingar um umfang eða eðli framkvæmdanna. Skógræktinni hafi verið leiðbeint um að slíkar framkvæmdir væru háðar framkvæmdarleyfi og að fjalla þyrfti um umsóknir um framkvæmdaleyfi út frá skipulagsáætlun, löggjöf um skipulagsmál, náttúruverndarlögum o.fl. Skógræktin hafi eftir þetta sótt um framkvæmdaleyfi en verið synjað. Sú ákvörðun hafi verið kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Er í kærunni því lýst sem eftirgreinnslan kæranda hafði leitt í ljós. Í fyrsta lagi var um að ræða að í landi jarðarinnar Stóru Drageyrar hafi verið ruddur u.p.b. 1,7 km. langur vegur í hlíðum Dragafells og u.p.b. 1,9 hektara svæði verið plægt. Um sé að ræða votlendissvæði og þar hafi verið búið að planta skógræktarplöntum í svæðið. Framkvæmdasvæðið hafi verið utan skógræktarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi. Í öðru lagi laut kæran að framkvæmdum í landi jarðarinnar Bakkakots þar sem u.p.b. 36 hektara heiðarsvæði hafði verið plægt, sem sagt er vera votlendi yfir 300 m y.s. Að sama skapi hafi umrætt svæði verið ætlað til gróðursetningar

RÍKISSAKSÓKNARI

en sé utan skógræktarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi. Allar þessar framkvæmdir hafi verið gerðar án leyfis andstætt skipulagslögum og lögum um náttúruvernd. Kærunni fylgdi skýrsla með myndum og frekari útskyringum.

Um lagasjónarmið er vísað til 12. og 13. gr., sbr. 55. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Til 12. gr. er vísað varðandi skipulagskyldu m.a. um stöðu skógræktaráætlana gagnvart skipulagsáætlun, sbr. lokamálgrein 12. gr. Þá er vísað til aðalskipulags sem hvílir á skipulagslögum, m.a. varðandi afmörkun skógræktarsvæða, hverfisverndar á svæðinu o.s.frv. Til 13. gr. er vísað um skyldu til að afla framkvæmdaleyfis, sbr. flestar málgreinar ákvæðisins m.a. um stöðu svæða samkvæmt náttúruverndarlögum. Þá er vísað til reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012, sem sett sé með stoð í lögunum. Einkum ákvæða 4. og 5. gr. um skyldu til umsóknar um framkvæmdaleyfi. Refsiákvæði er leggur sekt eða fangelsi allt að tveimur árum við brotum gegn lögunum er fyrir komið í 55. gr. þeirra.

Háttsemi kærðu er einnig talin varða við 31. og 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Til 61. gr. er vísað varðandi vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja, einkum a. liðar um votlendi. 1. og 3 mgr. 61. gr. um skilyrði þess að slíkum vistkerfum verði raskað og skylda til að afla framkvæmdaleyfis, sbr. einnig XII. kafla laganna um skipulagsgerð og framkvæmdir. Til 31. gr. er vísað varðandi akstur utan vega og jarðvegsskemmdir. Í 90. gr. laganna er að finna ákvæði um refsiábyrgð þar sem kveðið er á um sektir eða fangelsisrefsingu allt að tveimur árum vegna tilgreindra brota gegn lögunum sem nánar er þar lýst.

Ligur fyrir að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hafnaði kröfu Skógræktarinnar um framkvæmdaleyfi vegna framangreinds með úrskurði 7. mars 2023.

Í þágu rannsóknar Lögreglustjórans á málinu voru teknar skýrslur af fjórum vitnum og þremur starfsmönnum skógræktarinnar með stöðu sakbornings.

Lögreglustjóriinn tók skýrslu af þremur vitnum sem komu að verklegum framkvæmdum í umrætt sinn. Greindi vitnið Tryggvi svo frá að Jón Auðunn frá Skógræktinni hafi fengið sig til verksins og mælt fyrir um hvað skyldi unnið en vitnið, fengið sér til aðstoða vitnið Guðjón ýtustjóra, sem bar á sama veg. Vitnið Guðmundur kvaðst hafa verið fenginn til að plægja rásir á Bakkakotsjörðinni, af Jóni Auðunni. Guðmundur og Tryggvi kváðust hafa langa reynslu af jarðvinnu fyrir Skóráktina. Einnig var tekin vitnaskýrsla af Sigurbjörgu Ósk Áskelsdóttur skipulagsfulltrúa Skorradalshrepps sem rakti feril málsins en óþarfi er að rekja það hér.

Skýrsla var tekin af Jóni Auðunni Bogasyni með stöðu sakbornings undir rannsókn málsins 3. mars 2023. Kvaðst hann vera skógarvörður á Vesturlandi og hafa umsjón með landi og spildum á vegum Skógræktarinnar. Greindi hann frá því að hann hefði lagt til að vegslóðinn í Stóru Drangey yrði gerður til að flytja plöntur, í tölvupósti til Hreins Óskarssonar yfirmanns síns hjá Skógræktinni sem sendur hafi verið cc á Þróst skógræktarstjóra. Kvað hann slóðann ekki eiga að vera varanlegan. Kvaðst hann hafa haft samband við vitnið Tryggva um framkvæmdina sem hafi fengið vitnið Guðjón sér til aðstoðar við verkið. Kvaðst Jón Auðunn einnig hafa komið að framkvæmd á jörðinni Bakkakoti og hafa haft samband við vitnið Guðmund um að framkvæma

RÍKISSAKSÓKNARI

verkið. Kvaðst hann telja að einhver úr framkvæmdaráði t.d. Þróstur hafa tekið ákvörðun um framkvæmdina. Kvað hann ekki hafa verið haft samband við stjórnsýsluna í Skorradalshreppi vegna þessa.

Skýrsla var tekin af Hreini Óskarssyni með stöðu sakbornings undir rannsókn málsins 2. maí 2023. Kvaðst hann vera sviðstjóri þjóðskóga hjá Skógræktinni en næsti yfirmaður hans væri Þróstur skógræktarstjóri. Kvað hann hugmyndina að slóðagerðinni hafa komið upp í samtali hans við Jón Auðunn, sem hafi gert tillögu með teikningu að staðsetningu slóðans, en framkvæmdin verið samþykkt af Presti skógræktarstjóra. Til hafi staðið að sá í slóðann svo hann hyrfi að lokinni notkun, en margir fleiri slóðar séu á svæðinu. Varðandi framkvæmdir á Bakkakoti hafi ákvörðun um plægingu verið tekin hjá Skógræktinni í framkvæmdaráði og skógræktarstjóra. Kvaðst hann ekki þekkja til samskipta við Skorradalshrepp um framkvæmdina.

Skýrsla var tekin af Presti Eysteinssyni skógræktarstjóra með stöðu sakbornings undir rannsókn málsins 26. maí 2023. Kvað hann aðkomu sína að þessum verkefnum hafa snúið að fjármögnun þeirra. Það hafi legið fyrir hvaða svæði var undir og hvað ætti að gera, hvaða plöntur yrðu notaðar og hvernig jarðvinnan yrði. Hann hafi vitað um þessa hluti en ekki komið að framkvæmd þeirra. Varðandi Stóru Drageyri þá hafi honum verið sagt að þetta væri lagfæring á eldri slóða en hann hafi ekki vitað hvernig eða hvenær stóð til að gera slóðann, hvernig hann yrði gerður eða hver yrði fenginn til verksins. Umsjón með framkvæmdum hafi verið á hendri Jóns Auðuns. Hann kvaðst ekki vita til þess að rætt hafi verið við Skorradalshrepp fyrir framkvæmdina. Varðandi Bakkakot þá sé herfing venjulegur undirbúniningur fyrir gróðursetningu. Hann hafi vitað að það stóð til jarðvinna þar vegna skógræktar, en ekki hafi staðið til að fara með jarðvinnslu í votlendi. Hann kvaðst ekki hafa komið nálaðt framkvæmdinni eða skipulagningu en þarna hafi átt að gróðursetja Birki til að endurheimta Birkiskóga.

Lögreglustjórin á Vesturlandi felldi málid niður 11. september 2023 gagnvart framangreindum þemur sakborningum, auk þess að fella málid niður að því er varðar kæru vegna brota gegn skipulagslögum gagnvart Skógræktinni. Eftir stendur að Lögreglustjórin bauð 11. september 2023, kærðu Skógræktinni að undirgangast kr. 508.000 sektargreiðslu á grundvelli 31. gr., sbr. 2. og 4. mgr. 90. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Röksemadir Lögreglustjórans fyrir ákvörðun hans eru að ekki hafi við rannsókn málsins tekist að sanna, svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa, hver eða hverjir af fyrirsvarsmönnum Skógræktarinnar hafi tekið ákvörðun um framkvæmdirnar sem kæran lýtur að, eða hvernig staðið hafi verið að þeirri ákvörðun. Þar sem slík sönnun hafi ekki verið leidd í ljós með rannsókninni og ekki sé líkleg að frekari rannsókn leiði það í ljós, yrði ekki komist hjá að fella málid niður að því er sakborningana þrjá varðar með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála. Þá skorti á að í 55. gr. eða annarsstaðar í skipulagslögum nr. 123/2010, sé kveðið á um heimild til að refsa lögaðilum og því verði slík sektargerð ekki byggð á skipulagslögum, sbr. 19. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

RÍKISSAKSÓKNARI

Rök:

Eins og málið liggur fyrir hefur því ekki verið andmælt að framkvæmdum er rétt lýst í kærunni og meðfylgjandi myndaskýrslu af framkvæmdum sem tekin var saman af Sigurði H. Magnússyni 6. ágúst 2022. Því er heldur ekki andmælt að umræddra framkvæmdaleyfa þurfti að afla og að þau höfðu ekki verið veitt af til þess bærum yfirvöldum.

Ríkissaksóknari er sammála niðurstöðu Lögreglustjórans um niðurfellingu málsins er varðar kærðu Jón Auðun, Hrein og Þróst. Þá telur ríkissaksóknari einsýnt að heimild skorti til að refsa Skógræktinni á grundvelli skipulagslaga enda þarf skýra heimild til slíks, sbr. 19. gr. a almennra hegningarlaga og meginreglur refsiréttar.

Ríkissaksóknari telur að samkvæmt 31. og 61. gr., sbr. 1. mgr. 90. gr. laga um náttúrvernd nr. 60/2013, með vísan til 4. mgr. 90. gr. geti framangreind háttsemi varðað lögaðila sektum, óháð sök fyrirsvarmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Þá verður lögaðila gerð refsing þótt ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut.

Með vísan til framangreinds er ákvörðun Lögreglustjórans á Vesturlandi staðfest.

Niðurstaða:

Ákvörðun Lögreglustjórans á Vesturlandi frá 11. september 2023, um að fella niður mál nr. 313-2022-22409 gagnvart Jóni Auðunni Bogasyni, Hreini Óskarssyni og Þresti Eysteinssyni er staðfest. Ákvörðun Lögreglustjórans á Vesturlandi frá sama degi um að fell niður þann hluta málsins, er lýtur að meintum brotum Skóræktarinnar gegn skipulagslögum nr. 123/2010, er einnig staðfest.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 4. janúar 2024



Helgi Magnús Gunnarsson
vararíkissaksóknari

Sókn lögmannsstofa ehf.
b.t. Jóns Jónssonar lögmanns
Fagradalsbraut 11
700 Egilstaðir

Afrit:

Lögreglustjórinn á Vesturlandi